

Ed.

487. Frumvarp til laga

[165. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Granda í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu og Skógarkot í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sigurvin Einarsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja:

- a. Hallgrími Ottóssyni á Bildudal eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu;
- b. Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.

2. gr.

Verð jarðanna skal ákveðið af dómkvóddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Grandi í Ketildalahreppi er eyðijörð með ónothæfum húsakynnum. Jörðin hefur oft verið auglýst laus til ábúðar, en enginn ábúandi komið. Fasteignamat jarðarinnar er: landverð kr. 2300.00, húsaverð kr. 2100.00. Nágrannajarðir Granda hafa nægjanlegt landrými og þurfa þeirrar jarðar því ekki með. Hallgrímur Ottósson, er var síðasti ábúandi þar og hefur nýttjað jörðina, óskar að fá hana keypta, enda mælir hreppsnefnd Ketildalahrepps með því, að honum verði seld jörðin. Þar sem engar líkur eru til, að jörð þessi byggist, þykir rétt að verða við óskum þessa síðasta ábúanda hennar, sem hyggst að nýttja hana til slæгна handa skepnum sínum, er hann á á Bildudal.

Skógarkot er eyðijörð, húsalaustr fylgikot með Hvanneyri. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri notaði jörðina endrum og eins til beitar fyrir hross að sumri til, sem þó gengu aðallega á annarra landi. Runólfur Sveinsson skólastjóri á Hvanneyri mun hafa notað hana eitt sumar á sama hátt. Núverandi skólastjóri á Hvanneyri mun hins vegar aldrei hafa notfært sér land þetta. Skógarkot liggur sem tunga inn í Grjóteyrarland. Er það um 1600 m að lengd og um 400 m að breidd eða um 64 ha. Fasteignamat er kr. 1200.00. Landið er, vegna stærðar og legu, ónothæft fyrir aðra en Grjóteyrarbóndann og aðeins til beitar og því eðlilegast, að hann fái jörðina keypta.